

Skattaleg meðferð fjármuna vegna fjárfestinga í sjóðum.

September 2025

Samantekt þessi er gerð með það að markmiði að skýra skattalega meðferð fjármuna við innlaun hlutdeildarskírteina í sjóðum Stefnis hf.

Þegar hlutdeildarskírteini í sjóði er innleyst kann að hafa myndast hagnaður af eigninni, sem er skattskyldur samkvæmt 8. gr. (*Skattskyldir vextir, afföll og gengishagnaður.*) laga nr. 90/2003 um tekjuskatt (hér eftir „tsl“). Hér eftir verður vísað til slíks hagnaðar sem vaxtatekna. Skattaleg meðferð vaxtatekna ræðst af ólíkum þáttum líkt og heimilisfesti viðkomandi aðila, hvort viðkomandi sé lögaðili eða einstaklingur, og hvort hann stundi atvinnurekstur eða ekki.

Staðgreiðsla er dregin af vaxtatekjum og skilað í ríkissjóð f.h. viðskiptavina í samræmi við 3. gr. laga nr. 94/1996.

Einstaklingar

Við innlaun hlutdeildarskírteina er innheimtur 22% skattur af vaxtatekjum. Á útgefinni viðskiptakvittun má sjá hversu mikið var dregið frá hverju sinni. Við gerð skattframtals er hægt að sjá endanlega álagningu þar sem tekið hefur verið mið af frítekjumarki vaxtatekna hjá einstaklingum, en það eru nú samtals 300.000 kr. á ári, sbr. 3. mgr. 66. gr. tsl. Af þessu leiðir að ef staðgreiðsla hefur verið ofgreidd getur skattgreiðandi átt von á endurgreiðslu við álagningu. Fyrirnefnd frítekjumörk eiga þó ekki við um þá einstaklinga sem stunda atvinnurekstur á eigin kennitölu. Skattlagning slíkra einstaklinga fer eftir 3.tl. 1. mgr. 61. gr. TSL. Þannig er 22% staðgreiðsla innheimt við innlaun hlutdeildarskírteina og kemur sú fjárhæð til frádráttar við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir að yfirstandandi tekjuári lýkur.

Lögaðilar

Ef lögaðili fjárfestir í hlutdeildarskírteinum í sjóðum hafa gengisbreytingar hlutdeildarskírteina áhrif á skattstofn hans árlega, óháð því hvort sá hagnaður hafi verið innleystur. Skattstofn vaxtatekna skattskyldra lögaðila er fundinn með því að færa áfallna gengisbreytingu af hlutdeildarskírteinum til tekna eða gjalda á rekstrarreikningi, en skatthlutfall ræðst af því hvers kyns félagiformi viðkomandi lögaðili er rekinn í. Skatthlutfall lögaðila kemur fram í 71. gr. tsl., og er 20%, í tilviki (einka-) hlutafélaga og samlagshlutafélaga¹ en 37,6%. Í tilviki annarra lögaðila líkt og samlagsfélaga og sameignarfélaga.

¹ Að því gefnu að samlagshlutafélagið sé sjálfstæður skattaðili.

Við innlaun á hlutdeildarskírteini þarf lögaðili einnig að greiða 22% staðgreiðsluskatt af vaxtatekjum. Ef staðgreiðsla reynist hafa verið ofgreidd (þ.e. afdregin staðgreiðsla er hærri en álagður tekjuskattur), þá er hún endurgreidd við álagningu tekjuskatts árið á eftir staðgreiðsluárinu.

Erlendir aðilar

Erlendir aðilar, einstaklingar og lögaðilar, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. tsl þurfa að greiða 12% staðgreiðsluskatt af vaxtatekjum sínum, sbr. a- og b-lið 8.tl. 70. gr. tsl. Frítekjumörk erlendra aðila á fjármagnstekjum er nú 300.000 kr. á ári. Rétt er að vekja athygli á því að tvísköttunarsamningur getur leitt til þess að ekki eigi að halda eftir staðgreiðslu á vaxtatekjum sem eiga uppruna sinn hérlandis, að því gefnu að sótt sé um undanþáguna hjá ríkisskattstjóra, [sjá nánar hér](#).

Fyrirvari

Vakin er athygli á því að skattalöggjöf kann að breytast, með tilheyrandi áhrifum á þetta upplýsingaskjal. Lagatilvísanir og reglur um frítekjumörk og skatthlutföll eru settar fram miðað við gildandi reglur þegar skjal þetta er útbúið og geta þannig tekið breytingum. Upplýsingaskjalið skal lesið samhliða gildandi lögum hverju sinni.

Ofangreindar upplýsingar eru aðeins birtar í upplýsingaskyni og skal ekki líta á þær sem ráðgjöf. Stefnir ábyrgist ekki að upplýsingar séu réttar og eru viðskiptavinir hvattir til þess að kynna sér skattalöggjöf og -framkvæmd vel og afla sér óháðrar skattaráðgjafar.